



Reykjavík, 16. apríl 2021
Fundargerð 227. fundar

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 16. apríl var haldinn 227. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdarráð almannanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:15.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Anna Margrét Jóhannesdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sátu fundinn undir lið 1.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Árleg samantekt á gögnum til stjórnar og framsetningu þeirra

Anna Margrét Jóhannesdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fóru yfir skoðun sína á framsetningu gagna til stjórnar SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

Kl. 09:30 Anna Margrét og Guðjón Hlynur yfirgefa fundinn.

2. Brunavarnir í íbúðum – úrbótatillögur í kjölfar brunans við Bræðraborgarstíg

Úrbótatillögur um brunavarnir í íbúðum sem birtar eru í nýútkominni skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar yfirfarnar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla HMS – Brunavarnir í íbúðum, dags. 26. mars 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Árleg samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar

Slökkviliðsstjóri fór yfir samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar á árunum 2018 – 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- 2018-2020 – Árleg samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar, dags. 16. apríl 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Samningaviðræður við SÍ vegna kostnaðar SHS af COVID-19

Gerð grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um endurgreiðslu kostnaðar SHS af völdum heimsfaraldurs COVID-19 á árinu 2020. Slökkviliðsstjóri leggur til að tillaga SÍ verði samþykkt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samningaviðræður við SÍ vegna kostnaðar SHS af COVID-19. Kynning.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Önnur mál

Sagt frá þjálfunarmálum sem eru í gangi hjá SHS.

Fundi slitið klukkan 10:00.

**Fundir vegna SHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 21. maí.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Skýrsla HMS – Brunavarnir í íbúðum, dags. 26. mars 2021.
- 2018-2020 – Árleg samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar, dags. 16. apríl 2021.
- Samningaviðræður við SÍ vegna kostnaðar SHS af COVID-19. Kynning.